

Nd.

497. Frumvarp til laga

[161. mál]

um dýralækna.

(Eftir 2. umr. í Nd., 6. apríl.)

Samhljóða þskj. 319 með þessari breytingu:

2. gr. hljóðar svo:

Dýralæknisumdæmi í landinu skulu vera sem hér segir:

1. Gullbringu- og Kjósarsýsluumdæmi: Reykjavík, Kópavogskaupstaður, Hafnarfjörður, Keflavík, Gullbringu- og Kjósarsýsla.
2. Borgarfjarðarumdæmi: Borgarfjarðarsýsla og Akraneskaupstaður.
3. Mýrasýsluumdæmi: Mýrasýsla.
4. Snæfellsnesumdæmi: Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla.
5. Dalaumdæmi: Dalasýsla og Austur-Barðastrandarsýsla vestur að Kletthálsi.
6. Barðastrandarumdæmi: Flateyjarhreppur og Múlahreppur í Austur-Barðastrandarsýslu, Vestur-Barðastrandarsýsla og Auðkúluhreppur, Þingeyrarhreppur og Mýrahreppur í Vestur-Ísafjarðarsýslu.
7. Ísafjarðarumdæmi: Mosvallahreppur, Flateyrahreppur og Suðureyrahreppur í Vestur-Ísafjarðarsýslu, Ísafjarðarkaupstaður og Norður-Ísafjarðarsýsla.
8. Vestur-Húnaþingsumdæmi: Vestur-Húnavatnssýsla og Strandasýsla.
9. Austur-Húnaþingsumdæmi: Austur-Húnavatnssýsla.
10. Skagafjarðarumdæmi: Skagafjarðarsýsla, Sauðárkrókur og Siglufjörður.
11. Vestur-Eyjafjarðarumdæmi: Akureyri, Ólafsfjörður, Hrafnagilshreppur, Glæsiþæjarhreppur, Öxnadalshreppur, Skriðuhreppur, Arnarneshreppur, Árskógsstrandarhreppur, Svarfaðardalshreppur, Dalvík og Hrisey.
12. Austur-Eyjafjarðarumdæmi: Grimsey, Saurbæjarhreppur, Öngulsstaðahreppur og Grýtubakkahreppur, Svalbarðsstrandarhreppur og Hálsahreppur í Suður-Þingeyjarsýslu.
13. Þingeyjarþingsumdæmi: Suður-Þingeyjarsýsla austanverð, Húsavík og Kelduneshreppur í Norður-Þingeyjarsýslu.
14. Norðausturlandsumdæmi: Norður-Þingeyjarsýsla austan Jökulsár, Skeggjastaðahreppur og Vopnafjarðarhreppur í Norður-Múlasýslu. Í hreppum austan Öxarfjarðarheiðar eiga menn rétt til að vitja dýralæknis á Húsavík.
15. Austurlandsumdæmi: Norður-Múlasýsla, að undanteknum Skeggjastaðahreppi og Vopnafjarðarhreppi, Seyðisfjörður, Neskaupstaður og Suður-Múlasýsla að mörkum milli Breiðdalshrepps og Beruneshrepps.
16. Austur-Skaftafellssýsluumdæmi: Austur-Skaftafellssýsla og Geithellnahreppur, Búlandshreppur og Beruneshreppur í Suður-Múlasýslu.
17. Vestur-Skaftafellssýsluumdæmi: Vestur-Skaftafellssýsla og Austur- og Vestur-Eyjafjallahreppur í Rangárvallasýslu.
18. Helluumdæmi: Rangárvallasýsla að Vestur-Eyjafjallahreppi.
19. Selfossumdæmi: Villingaholtshreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Stokkseyrarhreppur, Eyrarbyggðahreppur, Sandvíkurhreppur, Selfosshreppur, Hraungerðishreppur, Ölfushreppur, Selvogshreppur, Hveragerðishreppur, Grafningshreppur og Vestmannaeyjar.
20. Laugarásumdæmi: Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Skeiðahreppur, Biskupstungnahreppur, Grimsneshreppur, Laugardalshreppur og Þingvallahreppur.

Landbúnaðarráðherra ákveður, hvar héraðsdýralæknar skuli hafa búsetu að fengnum tillögum yfirdýrarlæknis.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að ráða dýralækni án fastrar búsetu til þess að gegna dýralæknisþjónustu í forföllum héraðsdýralækna, eða þegar sérstakt annríki eða vanda ber að höndum í einstökum héruðum.

Við Tilraunastöð háskólans í meinafraði að Keldum skulu að jafnaði starfa að minnsta kosti tveir dýralæknar, sem aflað hafi sér rækilegrar sérþekkingar að loknu dýralæknisprófi.